



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 10/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banki hf.
2. Íslandsbanka
3. Viðlagatryggingu Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 10/2014 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Arion banki	Almenn athugasemd	<p>Arion banki hf. (hér eftir "bankinn") fagnar því að fá tækifæri til að koma með athugasemdir við fyrirhuguð leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Bankinn leggur áherslu á að tilmælin séu í samræmi við það sem almennt þekkt í Evrópu og ekki sé gengið lengra en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Bankinn leggst því almennt gegn því að sett séu séríslensk ákvæði, nema sérstakar aðstæður réttlæti slíkt. Jafnframt leggur bankinn áherslu á að tilmælin séu sett fram með leiðbeinandi hætti, en ekki sem eiginlegar reglur.</p> <p>Bankinn gerir aðallega athugasemd við það, að lítil munur er á þeim kröfum sem gerðar eru til útvistunar verkefna sem teljast mikilvæg og þeirra sem ekki eru það. Í þessu sambandi bendir bankinn á að ekki er að finna ákvæði í umræðuskjalinu sem er sambærilegt viðmiði 5 í leiðbeiningum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar, um útvistun verkefna sem ekki eru mikilvæg. Bankinn telur að þörf sé á frekari aðgreiningu á kröfum sem gerðar eru til útvistunar verkefna eftir mikilvægi þeirra og að slíkt geti gert umræðuskjalið skýrara en ella.</p> <p>Jafnframt bendir bankinn á að skilgreining útvistunar er nokkuð rúm og geta margskonar samningar fallið undir skilgreininguna. Mörkin á milli útvistunar og almennra verk- og þjónustukaupa geti því verið óljós. Það myndi eflaust reynast eftirlitsskyldum aðilum vel, ef Fjármálaeftirlitið veitti frekari leiðbeiningar og innsýn í túlkun sína á útvistun og mörkum hennar og hefðbundinna verk- og þjónustukaupa, svo sem með umfjöllun um slíkt á heimasíðu sinni.</p>
2	Íslandsbanki	Almenn umsögn	<p>Undirritaður telur að umræðuskjalið gefi almennt ekki tilefni til sérstakra ábendinga að öðru leyti en þeirra sem fram koma undir tölulíðum 6.1. og 9.1. hér að neðan.</p>

3	Arion banki	1.1	Til að koma í veg fyrir allan vafa leggur bankinn til að bætt verði við nýju ákvæði undir "Gildissvið", sem kveður á um að tilmælin taki einungis til útvistunarsamninga sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra.
4	Arion banki	1.2	"Ákvæði annarra leiðbeinandi tilmæla sem fjalla sérstaklega um útvistun tiltekinna þátta starfsemi eftirlitsskyldra aðila, t.d. reksturs upplýsingakerfa, halda gildi sínu." Bankinn leggur til að orðalagi ákvæðisins verði breytt til samræmis við lokamálslið inngangs umræðuskjalsins á eftirfarandi hátt: "Ákvæði leiðbeinandi tilmæla þessara koma til fyllingar annarra leiðbeinandi tilmæla sem fjalla sérstaklega um útvistun tiltekinna þátta starfsemi eftirlitsskyldra aðila, t.d. reksturs upplýsingakerfa."
5	Arion banki	2.3	i-liður 2.2. gr.: "Lykilstarfsvið fyrirtækis, þ.e. áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfsemi tryggingastærðfræðings þegar um váttryggingafélag er að ræða." Bankinn gerir athugasemd við skilgreiningu á "lykilstarfssviði", þ.e. hvers vegna þessir þættir af starfsemi eftirlitsskyldra aðila eru taldir falla þar undir. Ekki liggur ljóst fyrir hvaðan þessi skilgreining er fengin, en almennt má álykta sem svo, að lykilstarfssvið eftirlitsskyldra aðila felist í starfsleyfisskyldri starfsemi. Lagt er til að ákvæðið verði tekið út, enda fellur útvistun á þessari starfsemi að öllum líkindum einnig undir ii-lið sömu greinar. Þá inniheldur skilgreining leiðbeininga evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar ekki sambærilegt ákvæði.
6	Viðlagatrygging Íslands	2.3	Um ii) Æskilegt væri að nefna hér "önnur verkefni" í dæmaskyni. Um iii) Æskilegt væri að nefna hér "Aðra starfsemi sem krefst starfleyfis FME" í dæmaskyni. Um iv) Æskilegt væri að nefna hér "verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu eftirlitsskyldra aðila" í dæmaskyni

7	Arion banki	3.3	<p>iv-liður 3.3 gr.:</p> <p>"að möguleikar eftirlitsskylda aðilans til þess að fylgjast með og stýra útvistuðum verkefnum eða þjónustu séu hvorki skertir né torveldaðir"</p> <p>Bankinn telur að skýra þurfi nánar við hvað felist í möguleikum til að "stýra útvistuðum verkefnum" og að sá liður ákvæðisins gangi hugsanlega of langt. Í þessum efnum bendir bankinn á að það getur reynst erfitt fyrir eftirlitsskylda aðila að "stýra" útvistuðum verkefnum, t.d. hvernig útvistunaraðili vinnur verkið nákvæmlega eða haft áhrif á verkferla útvistunaraðila o.s.frv., umfram það að hafa eftirlit með þjónustunni og beita vanefndarúrræðum ef þjónustan uppfyllir ekki kröfur eftirlitsskylda aðilans.</p>
8	Arion banki	4.2	<p>"Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gæta þess að útvistun sé hagað þannig að möguleikar þeirra sjálfra til eftirlits með hinni útvistuðu starfsemi séu hvorki skertir né torveldaðir."</p> <p>Bankinn telur mörk ákvæðisins og iv-liðs 3.3. gr. tilmælanna, þar sem m.a. kemur fram að ekki skuli skerða möguleika eftirlitsskylds aðila til að fylgjast með útvistuðu verkefni, óljós. Nánar tiltekið er óljóst hvaða munur er á því að "fylgjast með" útvistuðu verkefni og að "hafa eftirlit" með því. Bankinn leggur því til að ákvæðið verði fjarlægð eða efni þess nánar aðgreint frá iv-lið 3.3. gr.</p> <p>Jafnframt telur bankinn að ákvæðið varði útvistun almennt, frekar en ábyrgð á útvistun. Er því lagt til að það verði fært undir 3. gr., fallist Fjármálaeftirlitið ekki á fyrri tillögu bankans um að fjarlægja ákvæðið.</p>
9	Arion banki	4.3	<p>"Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gæta þess að innan þeirra sé ávallt næg yfirsýn og kunnátta til þess að unnt sé að hafa eftirlit með útvistuninni og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna ef nauðsyn krefur."</p> <p>Bankinn telur þörf á því að útfæra ákvæðið nánar og gera ráð fyrir því að eftirlitsskyldir aðilar hafi næga yfirsýn og kunnáttu til þess að útvista verkefnum til annars aðila en útvistunaraðila ef nauðsyn krefur, ásamt því að geta tekið yfir framkvæmd útvistaðra verkefna.</p> <p>"Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gæta þess að innan þeirra sé ávallt næg yfirsýn og kunnátta til þess að unnt sé að hafa eftirlit með útvistuninni og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða útvista þeim til annars aðila ef nauðsyn krefur."</p> <p>Þá telur bankinn einnig að ákvæðið varði útvistun almennt og leggur því til að það verði fært undir 3. gr.</p>

10	Arion banki	5.1	<p>Verkefnum sem lúta að grundvallar þáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila má að mati Fjármálaeftirlitsins ekki útvista til þriðja aðila."</p> <p>Bankinn bendir á að í 1. ml. 1. tl. viðmiðs (e. Guideline) nr. 3 í leiðbeiningum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar, sem ákvæðið byggir á, er fjallað um útvistun á "core management functions". Bankinn telur að með því sé átt við grundvallar stjórnunarþætti og gerir því tillögu að því að ákvæðinu verði breytt til samræmis, sbr.:</p> <p>"Verkefnum sem lúta að grundvallar stjórnunarþáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila má að mati Fjármálaeftirlitsins ekki útvista til þriðja aðila."</p>
11	Arion banki	5.2	<p>"Með grundvallar þáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila er m.a. átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka. Með hliðsjón af framangreindu er ekki hægt að útvista stjórnunarverkefnum, s.s. stefnumörkun og reglusetningu eftirlitsskylda aðilans m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar, eftirlitshlutverki stjórnar og endanlegri ábyrgð gagnvart viðskiptavinum og eftirlitsaðilum."</p> <p>Lagt er til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í gr. 5.1, þ.e. að skilgreint sé hvað átt er við með "grundvallar stjórnunarþáttum".</p> <p>Þá er lagt til að bætt verði við 2. ml. ákvæðisins að það sé mat Fjármálaeftirlitsins hvaða þættir það eru sem ekki er hægt að útvista.</p> <p>Í samræmi við framangreint gerir bankinn eftirfarandi tillögu:</p> <p>"Með grundvallar stjórnunarþáttum í rekstri eftirlitsskylds aðila er m.a. átt við mörkun áhættustefnu, áhættuvilja og áhættuþolmarka. Með hliðsjón af framangreindu er að mati Fjármálaeftirlitsins ekki hægt að útvista stjórnunarverkefnum, s.s. stefnumörkun og reglusetningu eftirlitsskylda aðilans m.t.t. áhættusniðs og áhættustýringar, eftirlitshlutverki stjórnar og endanlegri ábyrgð gagnvart viðskiptavinum og eftirlitsaðilum."</p>
12	Arion banki	5.3	<p>"Eftirlitsskyldum aðilum er ekki heimilt að útvista starfsemi sem háð er starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu nema útvistunaraðili hafi sambærilega heimild og hinn eftirlitsskyldi aðili til að veita þjónustuna eða sinna viðkomandi verkefni. "</p> <p>Bankinn bendir á mikilvægi þess að Fjármálaeftirlitið tryggi að ákvæðið taki ekki til tilfella þar sem leyfisskyldum verkefnum er útvistað til útvistunaraðila sem hefur ekki sömu heimildir og hinn eftirlitsskyldi</p>

			aðili, en hefur þó heimild til að sinna hinu útvistaða verkefni, til að mynda í tilfelli vörsluaðila lífeyrissjóðs sem ekki hefur starfsleyfi sem lífeyrissjóður.
13	Arion banki	5.4	<p>"Eftirlitsskyldir aðilar ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útvistunin leiði ekki til þess að gæði verkefna eða þjónustu verði lakari en ef ekki hefði komið til útvistunar."</p> <p>Bankinn leggur til að orðið "allar" á undan "viðeigandi ráðstafanir" verði fellt út. Telja verður nægjanlegt að eftirlitsskyldir aðilar grípi til viðeigandi ráðstafana hverju sinni, en erfitt er að fullyrða hvenær gripið hafi verið til "allra" viðeigandi ráðstafana.</p>
14	Íslandsbanki	6.1	Orðalagið "Þá ættu eftirlitsskyldir aðilar að gæta þess að ákvarðanir um útvistun mikilvægra verkefna séu byggðar á viðskiptalegum forsendum, en ekki á stjórnunartengslum eða öðrum hagsmunatengslum" gæti verið óljóst. Í þessu samhengi er meðal annars vísað til tilmæla Basel nefndarinnar um bankaeftirlit um innri endurskoðun innan samstæðu fjármálafyrirtækja og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2008. Þótt hér sé vafalítið átt við önnur stjórnunar- og hagsmunatengsl en verða til í slíkum samstæðum væri til bóta að skýra þetta orðalag nánar.
15	Viðlagatrygging Íslands	6.1	Vísa til þess sem fram kemur í 2.3. FME leiðbeini um hvað fellur undir mikilvæg verkefni með því að tilgreina í dæmaskyni verkefni sem falli undir liðina í 2.3.
16	Arion banki	6.3	<p>"Mikilvægt er að í útvistunarsamningi við útvistunaraðila tilnefni eftirlitsskyldur aðili ábyrgðaraðila innan síns fyrirtækis sem ber ábyrgð á eftirliti með því verkefni sem útvistað er og að útvistunaraðili uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsskylda aðilans vegna verkefnisins. Jafnframt að í útvistunarsamningi sé tilnefndur ábyrgðaraðili hjá útvistunaraðila sem hefur næga þekkingu og reynslu til þess að sinna verkefninu."</p> <p>Bankinn gerir athugasemd við að lagt sé til að ábyrgðaraðili sé tilgreindur í samningi aðila, enda varðar það ekki beinlínis samningssamband aðila hvaða starfsmaður eftirlitsskylds aðila fer með eftirlit með hinu útvistaða verkefni. Bankinn telur að nægjanlegt sé að skipa ábyrgðaraðila innan bankans án þess að slíkt</p>

			<p>komi fram í útvistunarsamningum. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að í fyrrgreindum leiðbeiningum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar er ekki gerð krafa um kveðið sé á um ábyrgðaraðila í útvistunarsamningi, sbr. t.d. 5. tl. viðmiðs nr. 6.</p> <p>Bankinn leggur því til að gerð sé krafa um tilgreiningu ábyrgðaraðila í útvistunarstefnu eftirlitsskylds aðila og að ákvæðið verði fært undir 8. gr. umræðuskjalsins.</p> <p>Framangreint á einnig við um 11.6. gr. leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2014 um rekstur upplýsingakerfa.</p>
17	Arion banki	6.4	<p>i-liður 6.4. gr.:</p> <p>"Við slíka skoðun myndi Fjármálaeftirlitið m.a. líta til eftirfarandi þátta: i tegundar og umfangs starfsemi hins eftirlitsskylda aðila,"</p> <p>Bankinn telur að hægt sé að túlka ákvæðið á þann veg að með því sé átt við umfang starfsemi hlutaðeigandi eftirlitsaðila í heild sinni, en telja verður óeðlilegt að skoðun Fjármálaeftirlitsins á útvistun eftirlitsskyldra aðila sé mismunandi eftir umfangi starfsemi hlutaðeigandi aðila. Bankinn leggur því til að ákvæðið verði afmarkað nánar, svo ljóst sé að með því sé átt við umfang þeirrar starfsemi sem útvistað er, sbr. eftirfarandi tillögu bankans:</p> <p>"i. tegundar og umfangs útvistaðrar starfsemi hins eftirlitsskylda aðila"</p>
18	Arion banki	8.1	<p>"Eftirlitsskyldir aðilar sem hyggjast útvista einhverjum þáttum starfsemi sinnar ættu að hafa stefnu um útvistun sem felur í sér afstöðu til þess hvaða þáttum starfseminnar verði útvistað og hvort útvistun eigi sér stað innan eða utan samstæðu ef það á við."</p> <p>Bankinn bendir á að erfitt getur reynst að sjá fyrir hvaða þætti starfseminnar komi til með að verða útvistað á hverjum tíma og því sé óeðlilegt að kveða á um slíkt í útvistunarstefnu, sem bankinn getur breytt þegar þurfa þykir. Þá er ekki ljóst hvaða tilgangi það þjónar að kveða á um slíkt í útvistunarstefnu þegar slíka takmörkun er að finna í reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Er því lagt til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við viðmið 6 í leiðbeiningum evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar, á eftirfarandi hátt:</p> <p>"Eftirlitsskyldir aðilar sem hyggjast útvista einhverjum þáttum starfsemi sinnar ættu að hafa stefnu um útvistun sem fjallar um helstu þætti útvistunar, þar með talið útvistun á verkefnum sem ekki teljast mikilvæg, hvort sem útvistað er til aðila innan sömu samstæðu eða ekki."</p> <p>Bankinn telur að sömu sjónarmið og eru rakin hér að framan eigi við um iii-lið 8.2. gr. umræðuskjalsins.</p>

19	Arion banki	8.2	<p>i-liður 8.2. gr.: "Útvistunarstefna ætti m.a. að fela í sér eftirfarandi almenn atriði: i Afstöðu eða áætlun um aðgerðir ef óvissa skapast um starfsemi útvistunaraðila"</p> <p>Bankinn telur að skilgreina þurfi nánar hvað felist í "óvissu um starfsemi" og leggur því til að ákvæðið verði afmarkað við tilvik þar sem óvissa skapast um starfsemi útvistunaraðila sem getur haft neikvæð áhrif á getu útvistunaraðila til að sinna hinu útvistaða verkefni.</p> <p>ii-liður 8.2. gr.: "ii afstöðu eða áætlun um hvernig útvistun verði slitið"</p> <p>Bankinn telur óljóst hvort ákvæðið taki til allra tilvika þar sem útvistunarsamningur líður undir lok, svo sem með uppsögn, riftun og við lok gildistíma, eða einungis þeirra þar sem samningi er sagt upp eða rift. Bankinn telur að ákvæðið þarfnist frekari skýringar svo enginn vafi sé á því hvaða ákvæði lagt er til að séu í útvistunarstefnu eftirlitsskyldra aðila.</p>
20	Arion banki	9.1	<p>iii. liður 9.1. gr.: "umfjöllun um hlutverk og ábyrgð eftirlitsskylda aðilans annars vegar og útvistunaraðila hins vegar. Þar á meðal umfjöllun um aðgang eftirlitsskylda aðilans að gögnum félagsins hjá útvistunaraðila, "</p> <p>Bankinn leggur til að bætt verði við umfjöllun um eignarhald eftirlitsskyldra aðila á gögnum og afurðum sem varða útvistunarsamninga, svo skýrt sé að eftirlitsskyldir aðilar séu eigendur þeirra og hafi fullan aðgang að gögnum sínum og annan ráðstöfunarrétt yfir þeim sem eigendur þeirra.</p> <p>Bankinn gerir því tillögu að eftirfarandi ákvæði:</p> <p>"umfjöllun um hlutverk og ábyrgð eftirlitsskylda aðilans annars vegar og útvistunaraðila hins vegar. Þar á meðal umfjöllun um aðgang eftirlitsskylda aðilans að gögnum félagsins hjá útvistunaraðila og að hinn eftirlitsskyldi aðili teljist eigandi þeirra gagna og afurða sem varða útvistunarsamninginn."</p>

21	Íslandsbanki	9.1	Í v-lið er vísað til aðgangs regluvarðar, ytri og innri endurskoðanda eftirlitsskylda aðilans að "öllum gögnum" er varða útvistaða verkefnið. Hér gæti verið æskilegt að vísa einnig til aðgangs að starfsstöðvum og starfsmönnum útvistunaraðila í þeim tilgangi að kanna framkvæmd verkefna sem unnin eru fyrir eftirlitsskylda aðilann (réttur til vettvangsathugana), sbr. einnig ávkæði tl. 3.3.iv.
22	Viðlagatrygging Íslands	9.1	Um vii) Hér þarf væntanlega að standa "komi upp sérstakar tilgreindar aðstæður"